

Skráningardagar í leikskólann

Við óskum eftir að fá að taka upp svokallaða skráningardaga í leikskóladeild Kerhólsskóla.

Skráningardagar virka þannig að þú þarft að skrá barnið þitt fyrir ákveðin tíma ef það ætlar að mæta ákveðna daga í leikskólann. Þessir dagar eru:

Vetrafrí grunnskólans: (17-18 okt) – of seint að taka þessa daga með?

Jólafrí (20.des,23.des, 27,des og 30. Des)

Vetrafrí grunnskólans: (17-18 .feb)

Dymbilvika: (14-16 apríl)

Samtals 11 dagar (9, ef vetrafríð í október er ekki með) sem að fylgja grunnskólanum.

Auka skráningardagar væru „klemmudagar“ (25.apríl, 29.maí og 16.júní)

Samtals 14 (12, ef vetrafríð í október er ekki með) dagar sem yrðu þá skráningardagar.

Þessi leið hefur verið farin víða og reynst vel, meðal annars í Kópavogi, Akranesi, Akureyri ,Flóanum og Skeið-og Gnúpverjahrepp.

Þessi leið felur í sér **ENGA** þjónustuskerðingu, aðeins breytt fyrirkomulag til að auðvelda innra skipulag og skipuleggja styttingar fram í tímann.

Foreldrar þurfa því að skrá að barnið sitt mæti á þessa daga fyrir 30.september (fyrir 31. október í ár ef að vetrafríð er ekki með).

Á Akranesi virkar þetta t.d. þannig að ef valdir eru 11 af þessum 14 dögum þá færðu feld niður leikskólagjöld allan desember mánuð (leið sem ég myndi helst vilja fara). Ef þú velur t.d. bara 5 af þessum dögum þá eru fellt niður gjöldin fyrir þá daga í þeim mánuði sem þeir eru.

Á Akureyri þá kostar aukalega fyrir barnið ef það mætir á þessum dögum.

Ef við myndum taka upp sömu leið og á Akranesi þá er þetta engin þjónustuskerðing og ef foreldrar ákveða að skrá barnið sitt alla dagana í leikskólann þá breytist í rauninni ekkert hjá þeim (engin auka kostnaður). Þetta myndi hinsvegar hjálpa okkur í leikskólanum heilmikið við að skipuleggja styttingar fram í tímann og vonandi fækka þá dögum sem að yrði mannekla.